

Svar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 29. desember 2020 við fyrirspurn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða sbr. 13. liður fundargerðar ráðsins frá 9. desember 2020

Tilvísun í mál: 2020010379

Sæll Heimir

Erindið er stílað á umhverfis- og skipulagssvið, en við engum það áframsent og meðfylgjandi er svar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) að því leyti sem snýr að HER.

Í erindinu er haldið fram að "samráð milli eftirlitsaðila og leyfisveitenda er sáralítið " eins og það er orðað og er ekki alls kostar rétt. Í því samhengi vill HER taka fram að HER er starfsleyfisveitandi og eftirlitsaðillinn annars vegar og Sýslumaður og lögregla eru rekstarleyfisveitandi og eftirlitsaðili hins vegar. Formlegir farvegir eru á milli þessara tveggja leyfisveitanda með lögboðnum umsögnum. Rekstraleyfi og starfsleyfi eru háð hvort öðru og aldrei gefin út nema að fyrir liggji jákvæðar umsagnir allra aðila um útgáfuna. Allt verklag og verkferlar hjá HER eru skýrir varðandi leyfisveitingar, eftirlit og kvartanir. Það er síðan mismunandi aðkoma og heimildir þessara tveggja eftirlitsaðila að t.d. kvörtunum vegna hávaða frá skemmtistöðum. Rekstarleyfin (Sýslumaður og lögregla) taka á opnunartíma, gestafjölda og ónæði hvers konar m.a. hávaða. Starfsleyfin (HER) taka á hollustuháttum þ.á.m. hávaða. Við rannsókn mála sem berast HER og varðar starfsleyfisskylda staði vegna hávaðakvartana, sem nær undantekningalaust berast utan vinnutíma HER og því ekki hægt að staðfesta eftir á, er haft samband við lögreglu til að kanna hvort þeir hafi upplýsingar um kvörtunina og sem liður í rannsókn máls. Síðan hafa þessir þessir tveir eftirlitsaðilar mismunandi aðkomu og heimildir auk þess sem báðir aðilar verða að fara að stjórnsýslulögum varðandi ákvarðanir.

Síðan er mjög stór þáttur í þessu öllu skipulagsmál, hvaða rekstur má vera á hverjum stað auk þess hvað samþykki Byggingarfulltrúa segir til um leyfilega starfssemi í húsum. Varðandi þessi tvö atriði getur Umhverfis- og skipulagssvið svarað.

Varðandi hávaðamál almennt þá stendur yfir endurskoðun hávaðareglugerðar og eru vonir um að betri heimildir fái til að hafa hemil á ónæði frá veitingastöðum. HER á fulltrúa í þeirri vinnu.

Með kveðju,
Árný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri
Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur
Borgartún 12, 105 Reykjavík